

Nd.

## 248. Nefndarálit

um frv. til l. um byggingarsamvinnufélög.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv., borið það saman við gildandi lög og leitað umsagnar byggingarsamvinnufélaga í Reykjavík.

Leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

### BREYTINGUM

1. Við 1. gr. Síðari málsgr. falli niður.
2. Við 3. gr.
  - a. Upphaf A-liðar orðist svo: Með frjálsum framlögum hvers félagsmanns í stofnsjóð, unz fjárhæð hans í sjóðnum nemur minnst  $\frac{1}{5}$  hluta andvirðis þess húsnæðis, sem ákveðið verður, að félagið komi upp fyrir hann. Þegar þessari fjárhæð er náð, situr félagsmaður fyrir um byggingu húss, enda gangi stofnsjóðseign o. s. frv.
  - b. Upphaf C-liðar orðist svo: Með lántöku félagsins til útlánastarfsemi o. s. frv.
  - c. Síðasta málsgr. gr. orðist svo:

Félagsmenn í sama lánafllokki skulu vera sérstök deild innan síns byggingarsamvinnufélags, og er henni heimilt að hafa sérstaka stjórn að því er varðar sérmál hennar.
  - d. D-liður verði ný gr. (4. gr.) og framan við þá grein komi ný málsgr., svo hljóðandi: Eigi skal nema eitt byggingarsamvinnufélag í hverjum kaupstað eða kaптúni njóta réttinda samkvæmt lögum þessum.
3. Við 6. gr.
  - a. Í stað „honum“ í b-lið komi: félagsmanni.
  - b. Á eftir „fjárráða“ í D-lið komi: og.
4. Við 9. gr. Orðin „og þarf þó samþykki stjórnarinnar til“ falli niður.
5. Aftan við frv. bætist svo hljóðandi

### Ákvæði til bráðabirgða.

Þau byggingarsamvinnufélög, er þegar hafa komið upp íbúðarhúsum, samkvæmt eldri lögum um byggingarsamvinnufélög, njóta fullra réttinda samkvæmt lögum þessum.

Tveir nefndarmenn (GP og TT) áskilja sér rétt til að bera fram frekari brtt. við 3. umr.

Alþingi, 12. apríl 1938.

Bergur Jónsson,  
form.

Vilm. Jónsson,  
fundaskr.

Gísli Guðmundsson,  
frsm.

Garðar Þorsteinsson.

Thor Thors.